

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag fyrir Akurholt II í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss 30. júní 2022, í umboði bæjarstjórnar, nýtt deiliskipulag fyrir Akurholt II í Ölfusi. Deiliskipulagið setur skilmála um og markar byggingarreiti fyrir íbúðarhús, frístundahús og hús til landbúnaðarnota, í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Þrastarveg 1 í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss 4. ágúst 2022, í umboði bæjarstjórnar, nýtt deiliskipulag fyrir Þrastarveg 1 í Ölfusi. Deiliskipulagið markar byggingarreiti og setur skilmála fyrir íbúðarhús, gestahús og tvær skemmur, í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt 25 og 26 í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss 4. ágúst 2022, í umboði bæjarstjórnar, nýtt deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt 25 og 26 í Ölfusi. Skipulagið fjallar um tvær lóðir og heimildir til uppbyggingar á þeim og setur skilmála þar um í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 14. desember 2022.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29 desember 2022